

## Ráðgjöf og efnahagsspár ehf.

Reykjavík, 28. nóvember 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
c/o nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### Varðar frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur sent undirrituðum minnisblað viðskiptaráðuneytisins varðandi ábendingar umsagnaraðila um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki. Í því sambandi viljum við koma á framfæri eftirfarandi:

1. Hvað varðar ábendingu okkar um undanþágu frá gildissviði tilskipunar ráðsins 93/22/EBE (sbr. 2. tl. 2. gr. hennar) þá er tillaga viðskiptaráðuneytisins til mikilla bóta. Að okkar mati er útfærsla ráðuneytisins í 2. mgr. 3. gr.<sup>1</sup> réttari en sú sem stungið er uppá í erindi okkar hvað varðar gildissvið. Ástæðan er sú að ábending okkar varðar einungis 6. tl. 3. gr. Því er annaðhvort að fara þá leið sem viðskiptaráðuneytið bendir á eða taka undanþágulistann upp í 1. gr. og vísa þar til 6. tl. 3. gr.

Varðandi listann sem tekinn er uppúr tilskipuninni þá virðist enn vanta á listann lið sem svarar til síðustu mgr. g) liðs 2. tl. 2. gr. tilskipunarinnar, þ.e. fyrirtæki sem annast starfsemi sem innlend lagaákvæði eða siðareglur gilda um. Undir þetta gæti t.d. fallið fyrirtæki sem á grundvelli laga um gjaldeyrismál miðlaði gjaldeyrisafleiðum á milli innlendra fyrirtækja þar sem annar aðilinn er ekki fjármálafyrirtæki. Einsýnt virðist að efni tilskipunarákvæðisins á heima í íslenskum lögum.

2. Í fyrri umsögn okkar bendum við á að í 6. tl. a. 3. gr. frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki (og í 1. tl. 1. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti) er notað hugtakið viðskiptavinir þar sem í tilskipun 93/22/EBE er notað hugtakið fjárfestar (e. investors). Í minnisblaði viðskiptaráðuneytisins er vísað til þess að hugtakið viðskiptavinir sé í samræmi við gildandi lög. Mun það rétt vera. Það er hins vegar ekki hugtakið sem notað er í umræddri tilskipun og ætti að nota við lögfestingu tilskipunarinnar. Breyting frá hugtakanotkun tilskipunarinnar kann að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar og hún er ekki rökstudd í greinargerð frumvarpsins. Ekki verður heldur séð að hún hafi verið rökstudd í greinargerð með frumvarpi til núgildandi laga.

Virðingarfyllt,  
f.h. Ráðgjöf og efnahagsspár ehf.

  
Yngvi Harðarson, M.A.

<sup>1</sup> Í minnisblaði ráðuneytisins er misritun því þar er talað um 3. mgr. 2. gr. sem augljóslega á að vera 2. mgr. 3. gr.